

A 1815/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um afnám klukkubreytinga í norrænu löndunum****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að við afnám klukkubreytinga verði samstilling á tímasvæðum á milli Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands látin vega þyngst

Bakgrunnur

Meirihluti þingmanna á Evrópuþinginu hefur samþykkt að afnema klukkubreytingar á milli vetrar- og sumartíma frá árinu 2021. Ákvörðunin verður lögð til grundvallar í ráðherraráði ESB þar sem lokaákvörðun um löggjöfina verður tekin.

Hvert ESB-ríki fær þá tvö ár til að ákvarða á hvaða tímasvæði það hyggst vera og vonast Evrópuþingið til að ákvörðun landanna liggja fyrir í síðasta lagi 2020.

Hvað norrænu löndunum viðvíkur er brýnt að breytingin á tímasvæðum leiði ekki til mikils mismunar. Æskilegt væri fyrir Finnland, Svíþjóð, Noreg og Danmörku að stefna að því að vera á sama tímasvæði. Ísland er á GMT 0 og þar er ekki um klukkubreytingu að ræða. Hvað samþættingu við Ísland varðar ætti að miða við að tímamismunurinn aukist ekki.

Á óformlegum fundi samgönguráðherranna sem haldinn var í lok október 2018 var mikill samhljómur á milli ESB-landa og framkvæmdastjórnar ESB um að afnám klukkubreytinga mætti ekki leiða til óreglulegra tímasvæða í ESB því að slíkt hefði neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir almenning og fyrirtæki innan ESB.



Norðurlandaráð ætti að leggja áherslu á þá hlið málsins er lýtur að norrænni samþættingu og taka hana upp gagnvart Norrænu ráðherranefndinni. Samstillt tímasvæði í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi ýtir undir samþættingu landanna og færir okkur nær framtíðarsýninni um að Norðurlönd verði samþættasta svæði heims.

Røros, 7. ágúst 2019

Mikael Staffas (Lib)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Arman Teimouri (L)

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (C)

Grunde Almeland (V)

Gudmundur Ingi Kristinsson (Ff)

Heidi Greni (Sp)

Heli Järvinen (grænum)

Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Ylivainio (C)

Magnus Ek (C)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Rasmus Ling (MP)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frf)

Willfred Nordlund (Sp)